

Fundargerð.

Aðalfundur Norðurá bs. 2017

Aðalfundur Norðurá bs. var haldinn 129. júní 2017 í Félagsheimilinu Miðgarði kl: 14:00.

Mættir fulltrúar voru. Ásta Pálmadóttir (Sveitarfélagið Skagafjörður), Ágúst Þór Bragason (Blönduós), Einar Kristján Jónsson (Húnavatnshreppi), Magnús B. Jónsson (Sveitarfélagið Skagaströnd). Einnig sátu fundinn stjórnarmennirnir Jón Sigurðsson og Einar Einarsson, Gunnar Svavarsson frá Verkfræðistofunni Eflu, Pálmi Geir Jónsson frá KPMG og Eiríkur H. Hauksson frá Flokkun Eyjafjörður ehf.

Dagskrá

- 1. Fundarsetning og kosning fundarstjóra og ritara.**
- 2. Skýrsla stjórnar.**
- 3. Ársreikningur 2016.**
- 4. Kosning stjórnar og endurskoðenda.**
- 5. Ákvörðun um þóknun stjórnar.**
- 6. Kynning á fyrirhuguðum fjárfestingum.**
- 7. Önnur mál.**

1. Fundarsetning og kosning fundarstjóra og ritara

Magnús B. Jónsson setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Samþykkt samhljóða að Ágúst Þór Bragason yrði fundarstjóri og Einar E. Einarsson ritaði fundargerð.

2. Skýrsla stjórnar

Magnús flutti skýrslu stjórnar. Frá síðasta aðalfundi hafa verið haldnir 5 stjórnarfundir. Fyrir utan rekstur félagsins hefur stærsta verkefnið verið stækkun urðunarhólfins. Við framkvæmdina voru grafnir í burtu 285.000 m³ af efni og í heild kostaði framkvæmdin 289,7 milljónir. Af öðrum fjárfestingum má nefna að lokið var við vélaskemmuna sem byrjað var á árið 2015. Heildarkostnaður við þá byggingu varð 65 milljónir.

Á árinu 2016 var tekið á móti 20.200 tonnum af úrgangi. Þar af voru dýrahrae og sláturúrgangur 4.152 tonn. Magn sláturúrgangs hefur aukist nokkuð mikið síðustu ár vegna bæði stærra upptökusvæðis og einnig hefur útflutningur á aukaafurðum frá hefðbundinni slátrun minnkað hjá afurðastöðvum sem hefur leitt til meiri urðunar en var áður. Fylgjast þarf vel með hvert þessi þróun er að leiða okkur og hvaða möguleika Norðurá hefur í framtíðinni til að taka á móti lífrænum úrgangi sem þessum. Eins er það magn sem nú er urðað í heild komið að efri mörkum gildandi starfsleyfis og því þarf að fylgjast vel með þróuninni en þau líkön sem unnið er eftir gera ráð fyrir að draga fari úr úrgangi til urðunar vegna meðal annars meiri flokkunar frá og með næsta ári. Stærsta verkefnið á þessu ári er

gassöfnun úr urðunarhólfi og eyðing þess. Einnig þarf að taka ákvarðanir um kaup á troðara og jafnvel að endurnýja gröfu fyrir sláturhólf.

3. Ársreikningur 2016

Pálmi Geir frá KPMG gerði grein fyrir ársreikningi 2016. Megin niðurstöður eru að hagnaður var á rekstri félagsins á árinu 2016 að fjárhæð 79,8 milljónir kr. samkvæmt rekstarreikningi. Eigið fé félagsins í árslok nam 271,9 milljón kr. samkvæmt efnahagsreikningi.

Ársreikningur 2016 borinn undir atkvæði og samþykktur samhljóða.

4. Kosning stjórnar og endurskoðanda

Ásta Pálmadóttir fulltrúi Sveitarfélagsins Skagafjarðar bar upp þá tillögu að í stjórninni yrðu Magnús B. Jónsson, Einar E. Einarsson og Jón Sigurðsson aðalmenn. Ágúst Þór Bragason, Ásmundur Pálmason og Sigríður Magnúsdóttir varamenn. Tillagan var samþykkt samhljóða. Jafnframt bar hún upp þá tillögu að Kristján Jónasson frá KPMG yrði endurskoðandi Norðurá bs. árið 2017. Var tillagan samþykkt samhljóða.

5. Ákvörðun um þóknun stjórnar

Ágúst Bragason flutti tillögu um að laun stjórnar fylgi sömu launaviðmiðum og miðað er við hjá Sveitarfélaginu Skagafirði. Samþykkt samhljóða.

6. Kynning á fyrirhuguðum fjárfestingum

Gunnar Svavarsson frá Verkfræðistofunni Eflu gerði grein fyrir því verkefni að safna gasi úr urðunarhólfinu og eyða því en það er krafa samkvæmt lögum. Að óbreyttu liggur ekki annað fyrir en að magnið sé svo lítið að ekki sé hægt að nýta það til t.d. brennslu á sigvatni. Áður var búið að athuga með áhuga t.d. Norðurorku á að safna gasinu og nýta það en fyrir því verkefni var enginn áhugi. Gunnar gerði grein fyrir þeim verkferlum sem framundan eru í þessu verkefni og hvernig best væri að brenna gasið til að það fari ekki út í andrúmsloftið. Talið er best að kaupa tilbúinn brennsluofn sem kemur í nokkurskonar gám og er því einfaldur í uppsetningu eftir að búið er að bora og leggja að söfnunar rörin. Gunnar fór einnig yfir drenlagnakerfið frá urðunarstaðnum og þá stækkun sem talið er að gera þurfi á því svo það skili betri árangri.

Fannar Viggósson lagi fram tvö tilboð frá Vélaflí í tvær gerðir af troðurum. Bæði tilboðin eru í evrum og því gengisáhættan hjá Norðurá. Annar troðarinn er 26,5 tonn og á genginu í dag mun hann kosta 44,6 milljónir en hinn er 37,8 tonn og myndi kosta 49 milljónir. Báðir hafa þær skóflur og annað sem nauðsynlegt er talið að hafa á verkfærum sem þessum. Fannar telur skynsamlegra að kaupa stærri troðarann.

Einnig gerðu Fannar og Jón grein fyrir fyrstu niðurstöðum úr könnun á kostnaði við að endurnýja beltagröfu í gorgrifju. Lögðu þeir fram tilboð á bæði innfluttri notaðri vél (9 milljónir) og verð á nýrri vél af annarri gerð upp á 15 milljónir. Báðar svipað stórar vélar.

Fannar lagði svo fram tilboð frá Jötunn Véllum ehf., í 2 fjórhjól fyrir starfsmenn til að komast um svæðið.

Öllum ákvörðunum um þessar fjárfestingar var vísað til stjórnar.

7. Önnur mál

Eiríkur tók til máls og þakkaði gott samstarf og góðan rekstur á Norðurá bs. Benti hann á að rekstaraðilar Moltu Eyjafjarðar vildu gjarnan sjá meira magn af lífrænum úrgangi berast þangað. Segir hann rekstur Moltu ganga vel og að framundan séu framkvæmdir sem gangi út á suðu og að aðskilja fitu frá til að einfalda vinnslu og auka nýtingarmöguleika á moltunni. Eiríkur segir að lág gjaldskrá Norðurár seinki því að sláturleyfishafar komi með lífræna úrganginn til þeirra. Einnig sagði hann frá miklum kostnaði sem Eyfirðingar hafa orðið fyrir vegna vöktunar á Glerárdalnum og vildi hann beina því til stjórnar að leggja meira í lokunarsjóð til frágangs og vöktunar þegar urðunartíma í Stekkjarvík lýkur. Magnús sagði erfitt að finna peningaleg rök fyrir því að hækka gjaldskrána á urðun á lífrænum úrgangi en benti á að hugsanlega ættu Norðurá og Molta Eyjafjarðar að stofna félagsskap um þróun og framvindu eyðingar á lífrænum úrgangi. Einar benti á að mikilvægt væri að fá sláturleyfishafana á öllu urðunarsvæðinu að því verkefni. Töluverðar umræður urðu síðan um þróunina en mikilvægt er að allir aðilar málsins taki höndum saman um að leysa það með skynsamlegum hætti.

Magnús sleit fundi og þakkaði mönnum góðan fund.

Fundi slitið kl. 16:30

Einar E Einarsson

Ágúst Þór Bragason